

Aðalfundur landssamtakanna Geðhjálpar 2023

Haldinn í Bragganum Nauthólsvík, fimmtudaginn 30. mars kl. 17:00

Héðinn Unnsteinsson fráfarandi formaður setur fundinn. Hann stakk upp á Haraldi Flosa Tryggvasyni sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkti það með lófaklappi.

Fundarstjóri tók við fundinum. Fór yfir lögmæti fundarins en hann var auglýstur í dagblaði tæpum fjórum vikum fyrir fund og aftur þremur vikum fyrir fund, einnig fengu félagsmenn sendan tölvupóst tæpum þremur vikum fyrir fund og fundurinn auglýstur á samfélagsmiðlum sl. fjórar vikur. Fundarstjóri spurði hvort einhver gerði athugasemdir við boðun fundarins. Svo var ekki og talst hann því löglegur.

Fundarstjóri stakk upp á Grími Atlasyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi.

1. Skýrsla stjórnar

Héðinn Unnsteinsson flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2022 og þakkaði jafnframt stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið sl. ár og einnig styrktarfélögum samtakanna.

2. Kynning ársreiknings og tillaga um félagsgjöld

Kristinn Tryggvi Gunnarsson gjaldkeri Geðhjálpar kynnti ársreikning samtakanna fyrir starfsárið 2022. Reikningurinn var samþykktur og undirritaður af stjórn samtakanna þriðjudaginn 21. mars sl. og undirritaður af skoðunarmönnum reikninga og endurskoðanda þann 27. mars sl.

Hægt er að nálgast reikninginn á heimasíðu Geðhjálpar og í fjölríti hjá samtökunum auk þess sem allir fundarmenn fengu hann afhentan á fundinum.

Gjaldkeri kynnti jafnframt tillögu stjórnar um óbreytt árgjald fyrir félagsmenn.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Fundarstjóri bauð fundargestum að bera fram spurningar um ársskýrslu og ársreikning. Var spurt út í tvö atriði sem fráfarandi formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir.

4. Samþykkt ársreiknings

Fundarstjóri bar ársreikning fram til samþykktar. Hann samþykktur samhljóða.

5. Ákvörðun um félagsgjald næsta árs

Fundarstjóri bar fram tillögu stjórnar um að félagsgjald verði óbreytt 2.400 kr. Var það samþykkt samhljóða.

6. Tillögur til lagabreytinga

Fundarstjóri fór yfir að ein tillaga barst stjórn fyrir lögbundin frest sem er tveimur vikum fyrir aðalfund. Tillagan var lögð fram af stjórn landssamtakanna Geðhjálpar og var dreift til fundarmanna fyrir fund og birtist jafnframt á skjá á fundinum. Var hún svohljóðandi:

4. gr. laga hljóðar svo í dag:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar sem áhuga hafa á og styðja vilja tilgang landssamtakanna Geðhjálpar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn. Fullgildir félagsmenn teljast þeir er skráðir hafa verið í félagið mánuð fyrir aðalfund og greitt hafa styrktargjald í einn mánuð eða árgjald fyrir yfirstandandi ár. Ef félagsbundnir launaðir starfsmenn félagsins ná kjöri til stjórnarsetu, hætta þeir samhliða störfum sínum sem þeir þiggja laun fyrir.

Verður þannig:

Félagar geta orðið allir þeir einstaklingar sem áhuga hafa á og styðja vilja tilgang landssamtakanna Geðhjálpar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn. Fullgildir félagsmenn teljast þeir er skráðir hafa verið í félagið mánuð fyrir aðalfund og greitt hafa styrktargjald í einn mánuð eða árgjald fyrir yfirstandandi ár. Ef félagsbundnir launaðir starfsmenn félagsins ná kjöri til stjórnarsetu, hætta þeir samhliða störfum sínum sem þeir þiggja laun fyrir.

Stjórn er heimilt að greiða meðlimum stjórnar þóknun fyrir störf sem þeir vinna fyrir samtökin. Nánari reglur um slíkar greiðslur skulu koma fram í stafsreglum stjórnar sem skulu vera aðgengilegar öllum félagsmönnum og birtar á heimasíðu samtakanna.

Fráfarandi formaður, Héðinn Unnsteinsson, fylgdi tillögunni úr hlaði og tók framkvæmdastjóri einnig til máls til að fara yfir ástæður tillögunnar. Rökin fyrir þessari breytingu væru þau helst að umfang stjórnarstarfa og álag á stjórnarmenn hefði aukist mjög sl. misseri vegna fjölda nefnda og ráða og óska um þátttöku í hinu og þessu á vegum hins opinberra og annarra aðila.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til atkvæða og minnti á að 2/3 hluti fundarmanna þyrftu að samþykka til þess að lagabreytingin tæki gildi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri tilkynnti að fyrir fundinum lægi tillaga um að Hrannar Jónsson og Guðrún Soffía Guðmundsdóttir verði skoðunarmenn reikninga yfirstandandi árs. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir það að Guðlaugur Ellertsson hefur í mörg ár sinnt þessu hlutverki en hefur beðist undan að halda því áfram. Stjórn kom á framfæri þökkum til Guðlaugs fyrir ánægjulegt samstarf og vandvirkni í störfum.

8. Kynning á frambjóðendum til formanns

Tvö framboð bárust til formanns stjórnar: Guðrún Þórsdóttir og Sigríður Gísladóttir.

Frambjóðendur kynntu sig í stafrófsröð og fengu til þess tvær mínútur hvor.

9. Kosning formanns

Kosning formanns hófst og fundarstjóri minnti á að kosningabærir ættu að merkja við annað hvort nafnið á kjörseðlinum og að hlutkesti myndi ráða fá frambjóðendur jafnt magn atkvæða.

10. Stutt kaffihlé

Atkvæðum skilað og talning hófst. Í talninganefnd voru þær Erla Rán Friðriksdóttir og Guðný Guðmundsdóttir.

11. Niðurstöður kosninga

Talninganefnd færði fundarstjóra niðurstöður kosninga og fundarstjóri lýsti því yfir að Sigríður Gísladóttir hafi verið kjörinn formaður samtakanna til næstu tveggja ára.

12. Kynning á framboðum til stjórnar

Alls buðu sex einstaklingar sig fram til stjórnar. Laus sæti í aðalstjórn voru tvö til tveggja ára og tvö sæti í varastjórn til eins árs.

Framboð til stjórnar í stafrófsröð:

1. Ari Hróðmarsson
2. Elín Atim
3. Guðrún Þórsdóttir
4. Jón Ari Arason
5. Sigríður Ólafsdóttir
6. Sigrún Sigurðardóttir

Fundarstjóri minnti á að þegar kæmi að kosningu ætti að velja allt að fjóra (4) stjórnarmenn/konur með því að setja x í reitina fyrir framan nöfnin á kjörseðlinum. Merkja mætti við færri en fjóra en ekki fleiri og aldrei færri en einn (1). Þeir tveir frambjóðendur sem fengju flest atkvæði næðu kjöri í aðalstjórn, en þeir sem fengju þriðju og fjórðu flest atkvæði næðu kjöri í varastjórn. Ef frambjóðendur hlýtu jafnmörg atkvæði réði hlutkesti því hver myndi raðast ofar í endanlegu röðina inn í stjórnina.

Frambjóðendur kynntu sig í stafrófsröð og fengu til þess 2 mínútur hver.

13. Kosning til stjórnar

Kosning stjórnar hófst. Fundarstjóri minnti aftur á að kosningabærir mættu merkja við allt að fjögur nöfn, en minnst eitt, og að hlutkesti myndi ráða ef einhverjir fengju sama atkvæðamagn.

14. Niðurstöður kosningar

Talninganefnd lauk störfum og færði fundarstjóra niðurstöður kosninganna. Fundarstjóri lýsti því yfir að kosningu hefðu náð í aðalstjórn: Elín Atim, Sigrún Sigurðardóttir og í varastjórn: Guðrún Þórsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

15. Önnur mál

Elín Ebba Ásmundsdóttir varaformaður Geðhjálpar kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd stjórnar fráfarandi formanni Héðni Unnsteinssyni fyrir hans ómetanlega framlag til málaflokksins.

Sveinn Rúnar Hauksson, stjórnarmaður í Geðhjálpar, tók einnig til máls og fór yfir sögu Geðhjálpar og aðkomu sína að starfinu um langt árabíll. Þakkaði hann jafnframt Héðni Unnsteinssyni fyrir hans framlag og óskaði Sigríði Gísladóttur til hamingju með kjörið.

Ari Hróðmarsson þakkaði fyrir góðan fund.

16. Fundarslit

Fundarstjóri sleit þar með fundinum og þakkaði fundarmönnum fyrir gott hljóð og skilvirka afgreiðslu mála.

Fundi slitið kl. 18:37.